



# HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið  
Skúlagata 4  
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj.f.	10.9.5 + 5.1.1
Innk.	6. JAN. 2012
Ábm.	Fskj.
SLR	11120785

Reykjavík, 06.01.2012  
Tilv. 21.9.1/ÝSA  
JS/sdk

## Málefni: Ráðgjöf um ýsu

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 27. desember 2011 (Tilv.: SLR11120185/10.7.5;5.1.0), þar sem þess er farið á leit að Hafrannsóknastofnunin "skoði á nýjan leik grunn ráðgjafar sinnar hvað varðar ýsu". Í erindinu kemur fram að mat smábátaeigenda sé að mun meira sé af ýsu nú en í fyrra og þá sérstaklega á grunnslóð. Vísað er til þess að stofnmat byggt eingöngu á niðurstöðum stofnmælinga að haustlagi (SMH) gefi 20% stærri stofn en mat byggt eingöngu á niðurstöðum stofnmælinga að vorlagi (SMB).

Mat Hafrannsóknastofnunarinnar á stærð ýsustofnsins er byggt á aldursgreindum afla og aldurskiptum vísitölum úr SMB og SMH. Eins og fram kemur í skýrslu stofnunarinnar frá s.l. vori og í erindi ráðuneytisins, þá gefur stofnmat þar sem eingöngu eru notuð gögn um aldurskiptan afla og vísitölur úr SMH um 20% hærra mat en sambærilegt mat byggt á niðurstöðum úr SMB. Hins vegar er matið þar sem stuðst er við SMH eingöngu um 11% hærra en lokamatið þar sem stuðst er við öll gögn. Ekki eru forsendur til að meta hvort vísitölur úr SMB eða SMH gefi "réttari" mynd. Eins og fram kemur í skýrslu stofnunarinnar frá því í vor fer ýsustofninn hratt minnkandi vegna þess að stórir árgangar eru að hverfa úr stofninum og minni árgangar að taka við. Lélegu árgangarnir frá 2008-2010 munu aðeins geta gefið af sér um 15-16 þús. tonn hver og þegar þeir koma inn í hrygningarstofn er hætta á að hann fari niður fyrir sögulegt lágmark.

Markmið ráðgjafar í júní s.l. voru m.a. að forðast að hrygningarstofninn fari niður fyrir sögulegt lágmark árin 2013-2014 og í samræmi við það var lagt til að veiðidánartala á næstu árum yrði takmörkuð við 0.3 og að hámarksafli ýsu á fiskveiðiárinu 2011/2012 yrði 37 þús. tonn. Úthlutað heildaraflamark er 45 þús. tonn eða um 22% hærra en tillaga stofnunarinnar. Frekari aukning á afla nú mun því væntanlega leiða til að stofninn minnki hraðar en ella og auka líkur á að hrygningarstofn ýsu fari niður fyrir sögulegt lágmark og skilgreind hættumörk.

Afli ýsu á sóknareiningu, samkvæmt afladagbókum, hefur farið minnkandi á undanförmum árum. Vegna breytinga í útbreiðslu ýsu er þessi minnkun þó mismikil eftir svæðum. Verulega hefur dregið úr afla á sóknareiningu á Suður- og Austursvæði en á grunnslóð norðanlands hafa aflabrögð verið nokkuð óbreytt undanfarin ár. Þannig geta breytingar á útbreiðslu haft áhrif á upplifun sjómannsins eða tilfinningu hans fyrir stærð stofnsins á hverjum tíma, háð

Heimilisfang:  
Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

Sími:  
575-2000  
Póstfax:  
575-2001

Heimasíða:  
www.hafro.is

Tölvupóstfang:  
hafro@hafro.is

• • •

## HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Því hvar veiðarnar eru stundaðar. Varasamt getur því verið að draga ályktanir um heildarstofnstærð út frá staðbundnum breytingum á aflbrögðum.

Eins og kunnugt er féll SMH niður s.l. haust vegna verkfalls sjómanna. Gögn um aldurskiptingu afla á árinu 2011 munu liggja fyrir um miðjan febrúar n.k. Fyrir liggur að SMB ljúki um 20. mars og að aldursgreind gögn séu til reiðu í byrjun apríl. Gert er ráð fyrir að bráðbirgðastofnmati verði lokið um miðjan apríl og það verði yfirfarið á vinnufundi (NWWG) á vegum ICES í lok apríl/byrjun maí. Endurmat á stofnstærð og tillögur stofnunarinnar um aflmark ættu því að liggja fyrir í lok maí eins og verið hefur undanfarin ár.

Í ljósi framangreinds telur Hafrannsóknastofnunin ekki ástæðu til endurskoðunar á fyrri tillögum sínum um aflamark í ýsu fyrir fiskveiðiárið 2011/2012.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson